

Ed.

798. Nefndarálit

[346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Undirritaður getur ekki mælt með samþykkt þessa frumvarps í óbreyttri mynd þótt hann telji breytingartillögur því tengdar til bóta.

Þrátt fyrir ýmsar skýringar og útreikninga er fjölmargt enn óljóst um afleiðingar þess nýja fyrirkomulags fyrir hin mörgu og mismunandi sveitarfélög í landinu.

Samband íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin í heild hafa í reynd afar takmarkað fjallað um frumvarpið en á ráðstefnu í Borgarnesi á vegum sveitarfélaganna komu fram ýmsar efasemdir um það hversu þessi nýja skipan mundi reynast. M.a. var bent á óvissuþætti varðandi það meginatriði er snertir útvíkkun skattstofns þess sem leggja skal á, deilt á þá tilhögun að skerða vald sveitarfélaga til álagningar, enda ábyrgðin þeirra, og eins lýst andstöðu við það að samþykki félagsmálaráðherra þurfti til að hreyfa útsvarsprósentu frá fjárhagsáætlun.

Sama er að segja um andstöðu við þóknun til ríkisins vegna innheimtu útsvars sem er raunar í öðru frumvarpi.

Ljóst er að samráð við sveitarfélögin og samtök þeirra hafa verið í lágmarki við allan frágang þessa frumvarps.

Að öðru leyti tengist þetta frumvarp þeirri heildarskattkerfisbreytingu sem verið er að koma á. Alþýðubandalagið er þar með veigamiklar tillögur sem miða að minni skattbyrði almennings og betri skilum á gróða fyrirtækjanna í landinu til samfélagsins.

Undirritaður vísar til þessara tillagna sem óneitanlega snerta þetta frumvarp en mun að öðru leyti láta afstöðu sína til málsins koma fram í umræðu.

Alþingi, 9. mars 1987.

Helgi Seljan.